

IV. REYKJAVÍKURBORG SEM SAMSTARFAÐILI OG VERKKAUPI

IV.2. Stutt verði við starfsemi frjálsra félagasamtaka innflytjenda og annarra með því að gera húsnaði borgarinnar aðgengilegra sem vettvang þátttöku og samskipta. Greint verði í samvinnu við mögulega notendur hvernig borgin getur mætt þörfum félagasamtaka fyrir funda- og samkomustaði.

Tímasetning: 2019 Samstarfsaðilar: Umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Ábyrgð: Menningar- og ferðamálasvið

Kostnaður: Innan ramma

Af öllum öflugum húsum Menningar- og ferðamálasviðs eru það menningarhús Borgarbókasafns sem eru hvað ötulust við að auka aðgengi og mæta þörfum sem fjölbreyttasta hópa. Enda er eitt helsta markmið Borgarbókasafns að efla lýðræði og jöfnuð: „ Þjónusta safnsins skal ná til allra borgaranna án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Þannig eflir það lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna.“.

Í Grófinni er komin upp ný aðstaða á hinu svokallaða Reykjavíkurtorgi, sem mætir þörfum þeirra sem vilja læra, vinna að eigin verkefnum eða skapa eitthvað í samvinnu við aðra. Torgið er einnig vettvangur fyrir ýmsa viðburði á vegum safnsins og aðila sem vilja nýta aðstöðuna. Áhersla verður lögð á að kynna notendum þessa nýju aðstöðu með átaki á samfélagsmiðlum.

Í Gerðubergi, sem hefur fengið góða andlitslyftingu á undanförunum tveimur árum, verður settur punktur yfir i-ið með nýrri aðstöðu fyrir ungmenni frá 12 ára aldri. Þar geta þau notið sín í félagsskap jafnaldra sinna í umhverfi sem örvar sköpunar- og lestrargleði þeirra. Í Gerðubergi verður jafnframt gert átak í að auka safnefni á erlendum tungumálum til að þjóna betur fjölbreyttu samfélagi Breiðholtsins. Lögð verður áhersla á fjölmennustu tungumálahópanna og leitað ráðgjafar eftir föngum við val og kaup á nýju efni.

Borgarbókasafnið tekur þátt í fjölda samstarfsverkefna ár hvert, bæði með innlendum og erlendum aðilum. Helstu áherslur í þeim verkefnum, sem eru nú í gangi, eru lestrarhvatning, nýsköpun í miðlum bókmennta, tæknilæsi, þróun fræðslu fyrir fullorðna, þátttaka í samfélaginu og vinna gegn félagslegri einangrun.

Listaverkið Heimskort, sem Söguhringur kvenna vann, var afhjúpað á Listahátíð í Reykjavík þann 10. júní 2018 í Norræna húsinu. Söguhringurinn er samstarfsverkefni Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og Borgarbókasafnsins og hefur það markmið að styrkja og stuðla að félagslegum tengslum í gegnum skapandi verkefni.

Af öðru húsnaði má nefna að Andrými er með Bergþórugötu 20 að láni hjá Reykjavíkurborg. Andrými er róttækt félagsrými og samfélag þar sem unnið er að jafnrétti og frelsi. Hlutverk Andrýmis er að útvega aðstöðu fyrir grasrótarhópa og einstaklinga til að hittast og skipuleggja baráttu sína.

IV.3. Verkefnastjórar afmarkaðra viðburða (s.s. 17. júní, vetrarhátíðar, barnameningarhátíðar og menningarnætur) leggi mat á hvort innflytjendur taki þátt sem sýningaraðilar og ef þeir gera það ekki, hvernig er hægt að hvetja til þátttöku þeirra. Sérstök áhersla verði á þátttöku innflytjenda og hún gerð sýnilegri.

Tímasetning: 2018-2019

Ábyrgð: Höfuðborgarstofa

Kostnaður: Innan ramma. Samþykkt fjölmeningarstefna Rætur og vængir og aðgerðaráætlun MOF.

Vetrarhátíð

Það voru nokkrir erlendir aðilar með sýningar á söfnunum, en ekki er ljóst hvort þessir aðilar eru búsettir hér eða komu hingað gagnert til að vinna verkefni, þar sem viðburðaskrifstofan skipuleggur ekki viðburðina sjálfa sem fara fram þar. Þessir einstaklingar eru heldur ekki að kynna erlenda menningu eða slíkt, aðeins list sína.

Alliance Francaise hefur tekið þátt í Safnanótt í mörg ár og kynnir listamenn og verkefni sem oftan en ekki koma hingað á þeirra vegum.

Barnameningarhátíð

Óskað er eftir umsóknum um þátttöku á hverju ári og það koma því miður ekki margar umsóknir frá „erlendum“ hópum en Félag Litháa á Íslandi og móðurmálsskólinn „Þrír litir“ sækja alltaf um með afar metnaðarfullt verkefni og fá alltaf fjárstuðning frá BMH.

Pólski skólinn hefur tekið þátt nokkrum sinnum.

Erlendir einstaklingar búsettir hér og starfa hjá ýmsum menningarstofnunum taka þátt.

17. júní

Óskað verður eftir að Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórn 17. júní til að greiða aðgengi og vekja áhuga innflytjenda að hátíðinni.

Menningarnótt

Félag Litháa á Íslandi tekur oftast þátt og fær yfirleitt styrk úr Menningarnæturrpottinum.

Það eru yfirleitt 1-3 félög til viðbótar sem taka þátt en mismunandi eftir árum, s.s. Rússar á Íslandi (kom í gegnum rétttrúaðarkirkjunna), Pólverjar á Íslandi, Rúmenar ofl.

Það eru einstaklingar af erlendum uppruna sem koma fram ásamt Íslendingum Capoeira hópurinn, Barakan trommuhópur, Salsa, tangó ofl.

Varðandi aðra þátttöku:

Það hefur ekki verið farið sérstaklega í það að reyna að höfða til mismunandi hópa í samfélaginu, frekar reynum að tryggja aðgengi allra eins og á Barnameningarhátíð burtséð frá uppruna og félagslegara aðstæðna. Til að mynda eru öllum 4. bekkingum í Reykjavík boðið í Hörpu að sjá opunarviðburð hátíðarinnar. Teljum við jafnframt að flestir viðburði höfði til flestra hópa, eins og á Vetrarhátíð og Menningarnótt, og 17. júní.

Hátíðirnar eru með heimasíður á ensku en ekki fleiri tungumálum. En það mætti svo sannarlega gera slurk í því að þýða kynningarefni á fleiri tungumál, sérstaklega fyrir Barnameningarhátíð.

Reyndar var Barnameningarhátíð betur kynnt í fyrra (2018) en það var algjörlega að frumkvæði Borgarbókasafnsins sem hefur aðgang að alls konar móðurmálssíðum (Pólsku, spænsku, litháensku ofl).